

# Starfsleyfi

Orka náttúrunnar ohf. Andakílsárvirkjun, rafmagnsframleiðsla 8,2 MW með vatnsafla sem nýtir vatnasvið Skorradalsvatns og Andakílsár.

Starfsleyfið er útgæfið í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## I. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

### 1.1 Lýsing á starfsemi

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Orku náttúrunnar ohf., kt. 471119-0830, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið gildir í 12 ár frá útgáfudegi fyrir starfsemi Orku náttúrunnar ohf. Andakílsárvirkjun fyrir rafmagnsframleiðslu 8,2 MW með vatnsafla sem nýtir vatnasvið Skorradalsvatns og Andakílsár. Starfsleyfið gildir um öll mannvirki sem tengjast virkjuninni s.s. stöðvarhúss Andakílsárvirkjunar, fasteignanúmer 2106836, aðrennslispípur, flípalokuhús við Skorradalsvatn, geiralokuhús við Skorradalsvatn, inntaksmannvirki í inntakslóni og geymsluskemmu Andakílsárvirkjunar. Nánari upptalning búnaðarlista virkjunarinnar er í viðauka 1.

Starfsleyfið nær einnig til ákvæðis um vöktun á áhrifasvæði Andakílsárvirkjunar en hún hefur áhrif á fjögur vatnshlot; Andakílsá 1 og 2, Skorradalsvatn og Fitjá eins og nánar er fjallað um í kafla 4.3.

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, IV. viðauka, tölulið 115 - Virkjun og orkuveita frá 1 MW. Starfsemin fellur jafnframt undir reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, viðauka X, lið 9.1.1. (virkjanir 2-10 MW).

### 1.2. Fyrirliggjandi skipulag

Andakílsárvirkjun er staðsett við sveitarfélagsmörk Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Virkjunarsvæðið/stöðvarhúsið er á iðnaðarsvæði í Borgarbyggð, við Andakílsá, merkt I - 2, samkvæmt uppdrætti og greinargerð Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022.

Iðnaðarsvæðið er 17,5 hektari að stærð. Inntakslón vegna virkjunarinnar er merkt sem efnistökusvæði nr. E98, skv. samþykktu skipulagi. Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010 - 2022 segir að stíflan sjálf við inntakslón sé á iðnaðarsvæði en athafnasvæði merkt nr., 10, 11 og 12, eru umráðasvæði virkjunarinnar í landi Indriðastaða, Grundar og Efri-Hrepps.

### 1.3. Ábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkið í gildandi vatnaáætlun náist ekki skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots.

Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri starfseminnar og ábyrgist að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að ákvæðum starfsleyfis og starfsleyfisskilyrða sé framfylgt. Hann ber umhverfisábyrgð, sbr. gr. 1.6. í starfsleyfisskilyrðum þessum.

Starfsleyfisveitandi getur sett ítarlegri skilyrði í starfsleyfi en þau sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum þessum, ef aðstæður krefja. Ef umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki skal endurskoða starfsleyfi þetta í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

### 1.5. Stöðvun rekstar/lokun

Rekstraraðili skal útbúa áætlun um rekstrarstöðvun þar sem fjallað er um verklag sem miðar að því að lágmarka hugsanleg umhverfisáhrif vegna rekstrarstöðvunar.

### 1.6. Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

## 2. STARFSHÆTTIR

### 2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum eða eftir atvikum bestu fánlegu tækni (BAT) sé hún tiltæk sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Rekstraraðila er skylt að sjá til þess að á athafnasvæði fyrirtækisins, mannvirkja og fráveitu, sé gætt fyllsta hreinlætis og að lóð/svæði sé haldið snyrtilegu. Geymsla og uppsöfnun á úrgangi og öðru því sem ekki tilheyrir starfseminni á athafnasvæði er óheimil. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa á lóð, girðingum eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Rekstraraðili skal koma á umhverfisvöktun sbr. gr. 4.2. til að fylgjast með áhrifum sem virkjunin kann að hafa á vatnshlot. Rekstraraðili skal vinna eftir vöktunaráætlun sem hefur hlotið samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

Ef eftirlit leiðir í ljós að vatnshlot uppfyllir ekki kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp eða kröfur í öðru regluverki sem upp eru talin í starfsleyfi þessu, skal heilbrigðiseftirlit gera rekstraraðila viðvart og skal grípa til úrbóta ef ástand vatnshlots hrakar eða ef það uppfyllir ekki umhverfismarkmið sín.

## 2.2 Samskipti og samráð og birting gagna

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þjónustuvakt/stjórnstöð utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

Almenningur á rétt á upplýsingum um niðurstöður mengunareftirlits og vöktunar vegna rekstursins hjá eftirlitsaðila í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012 og eru þær gerðar opinberar á vef Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

## 3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

### 3.1 Losunarmörk, þéttleiki og meðferð skólps og ofanvatns

Fráveita skal uppfylla kröfur um losunarmörk í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, og skal vera í samræmi við gildandi leiðbeiningar Umhverfis- og Orkustofnunar um fráveitur.

### 3.2 Mengunarvarnir

Staðsetja skal ílát undir olíuefni, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir, þá getur nefndin gert kröfu um árekstrarvarnir þar sem olía er geymd utandyra sé talin þörf á því.

### 3.2 Úrgangur

Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Tanka, ker og ílát sem úrgangi er safnað í skal tæma reglulega og eftir þörfum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi. Aðkoma til tæmingar eða söfnunar úrgangs skal vera fullnægjandi að mati eftirlitsaðila. Allan úrgang sem ekki er endurnýttur skal flytja í móttökustöð sem hefur til þess starfsleyfi eða til endurnýtingar. Um flutning og meðhöndlun úrgangs gilda ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru og fylgiskjal IV í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### 3.3 Hávaði

Um hávaða gilda ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði sem berst frá virkjuninni skal ekki vera meiri en kveðið er á um í viðauka með reglugerðinni, sbr. töflu 3 og skal þess jafnframt gætt eins og unnt er að hávaði frá starfseminni valdi ekki ónæði.

### 3.4 Ósoneyðandi efni

Við rekstur búnaðar með ósoneyðandi efnum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.

## 4. INNRA EFTIRLIT

### 4.1 Eftirlit og skráning

Eftirlitshafi skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og umhverfis- og rekstrarþáttum sem valda mengun eða losun efna út í umhverfið.

Gera skal áhættumat sem tekur tillit til ákvæða í starfsleyfi þessu þ.m.t. áhættu á þau vatnshlot sem virkjunin hefur áhrif á sbr. gr 4.3.

Rekstarhandbók fyrir virkjunina skal vera til staðar með vel skilgreindum aðferðum sem miða að því að lágmarka neikvæð áhrif virkjunarinnar á lífríki, t.d. með tilliti til hraða rennislisbreytinga í ánni neðan við virkjun. Það sama á við um viðhald á mannvirkjum, alltaf skal hafa lífríkið í huga þegar verið er að áforma slíkt.

Rekstraraðili skal halda rekstardagbók þar sem skráð eru atriði er varða fyrirkomulag og eftirlit með virkjuninni.

Niðurstöður skv. ofangreindu skulu teknar saman í ársskýrslu rekstraraðila ár hvert sem skal kynnt eftirlitsaðila. Niðurstöður vöktunar á vatnshlotum Andakílsárvirkjunar sbr. gr. 4.3, og upplýsingar um frávik skv. vöktunaráætlun og kröfum í starfsleyfi skal getið í skýrslunni ásamt þeirra mótvægisáðgerða sem gripið hefur verið til.

Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.

Alvarleg frávik skal tilkynna eftirlitsaðila þegar í stað.

### 4.2 Ástandsflokkun vatnshlota

Fyrir liggur skýrsla Hafrannsóknarstofnunar dags. 22. maí 2024 þar sem líffræðilegir og efnafræðilegir gæðapættir hafa verið flokkaðir í þeim fjórum vatnshlotum sem Andakílsárvirkjun hefur áhrif á.

Samantekt á mati Hafrannsóknarstofnunar á vistfræðilegu ástandi vatnshlota á áhrifasvæði Andakílsárvirkjunar með tilliti til einstakra líffræðilegra- og eðlisefnafræðilegra gæðapátta (sjá töflu 12 í megintexta). Ljósblái og ljósgræni liturinn táknar að vatnshlotið er metið í mjög góðu eða góðu ástandi og byggir matið á sérfræðimati sem stutt er af mismiklum gögnum um einstaka gæðapætti. Ljósugulur litur táknar að vatnshlotið er í ekki viðunandi ástandi eða lakara.

Vatnshlot	Hryggleys- ingjar	Þörungar	Vatna- plöntur	Fiskur	Eðlisefnafræði	Ástands- flokkun
Andakílsá 1	Mjög gott	Mjög gott	á ekki við	Mjög gott/gott	Mjög gott	Gott
Andakílsá 2	Gott	Gott	á ekki við	ekki viðunandi**	Mjög gott	Ekki viðunandi
Skorradalsvatn	Mjög gott*	Mjög gott	Mjög gott	Mjög gott/gott	Mjög gott	Gott
Fitjaá	Mjög gott	Mjög gott	á ekki við	Mjög gott	Mjög gott	Mjög gott

\*Byggt á gögnum frá 1998

\*\*Ekki viðunandi eða lakara

#### 4.3 Mat á vatnsformfræðilegu ástandi vatnshlota

Veðurstofa Íslands gerði mat á vatnsformfræðilegu ástandi vatnshlota sem eru undir áhrifum frá Andakílsárvirkjun dags. 19 júní 2024. Um er að ræða þrjú vatnhlot þ.e. Skorradalsvatn (nr. 104-304-L), Andakílsá 1 (nr. 104-144-R), Andakílsá 2 (nr. 104-191-R). Matið var gert út frá fyrirbyggjandi gögnum um vatnsfræðilega þætti en einnig er stuðst við sérfræðingamat þegar nægar upplýsingar liggja ekki fyrir. Eftirfarandi tafla sýnir vatnsformfræðilegt ástand Andakílsár og Skorradalsvatns byggð á samþykktri aðferðafræði.

Vatnshlot	Vatnshlotanúmer	Einkunn	Vatnsformfræðilegt ástand
Andakílsá 1	104-144-R	3,42	Gott ástand
Andakílsá 2	104-191-R	2,94	Ekki viðunandi ástand
Skorradalsvatn	103-340-L	4,05	Gott ástand

#### 4.4 Aðgerðaráætlun

Markmið laga nr. um stjórn vatnamála er að vatnshlot séu í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og ef það næst ekki er nauðsynlegt að fara í framkvæmdir sem miða að því að bæta aðstæður fyrir ferskvatnslífriki, sérstaklega með tilliti til vistfræðilegrar samfellu.

Í því sambandi þarf rekstraraðili að tryggja vistfræðilega samfellu á milli Andakílsár 2 og Skorradalsvatns með gerð fiskvegjar við stíflumannvirki í útfalli Skorradalsvatns.

Til að tryggja jákvæð áhrif fyrir lífríkið skal lágmarksrennsli (environmental-flow) vera tryggt um náttúrulegan farveg Andakílsár 2, en hluti hans fer oft á þurrt. Skilgreina skal lágmarksrennsli að teknu tilliti til lögunar farvegjar og rennslis.

Rekstraraðili skal skila inn til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands tímasettri áætlun um úrbætur skv. þessari grein fyrir árslok 2025, miða skal við að framkvæmdum sé þó í síðasta lagi að vera lokið fyrir gildistöku nýrra vatnaáætlunar 2028.

#### 4.5 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal leggja skila inn vöktunaráætlun til eftirlitsaðila. Fyrsta vöktunaráætlun liggur fyrir og er birt sem fylgiskjal með starfsleyfi þessu, en er ekki hluti af starfsleyfinu. Vöktunaráætlunin tekur gildi við útgáfu starfsleyfisins. Í vöktunaráætlun skal gera ráð fyrir vöktun á gæðapáttum í samræmi við stjórn vatnamála þar sem tíðni einstakra vöktunarpátta kemur fram. Vöktunaráætlun skal vera í samræmi við [leiðbeiningar Umhverfis- og Orkustofnunar fyrir gerð vöktunaráætlunar samkvæmt stjórn vatnamála](#). Í vöktunaráætlun eru tilgreindir líffræðilegir gæðapættir ásamt efna- og eðlisfræðilegum gæðapáttum sem vakta á.

Vöktunaráætlun skal vera til fjögurra ára og endurskoðuð að þeim tíma liðnum ef rekstraraðili eða eftirlitsaðili óskar eftir því. Starfsleyfisveitandi yfirfer og samþykkir hana að höfðu samráði við Umhverfis- og Orkustofnun. Skýrslu með niðurstöðum

umhverfisvöktunar skal senda Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ásamt því að niðurstöðum er skilað rafrænt í gagnagátt stjórnar vatnamála.

#### 4.6 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða kostnað við mælingar og rannsóknir á mengun samkvæmt fjórðu grein. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og eftirlitsaðili samþykkir.

Starfsleyfisskilyrði þessi eiga sér stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fylgiskjal 1. Búnaðarlisti Andakílsárvirkjunar

Númer	Titill	Staðsetning	Olíumagn lítrar	Framleiðandi	Tegund
A.41-1000	Andakílsárvirkjun	A000			
A.41-1021	AND - Rafvirkjar almenn vinna	A000			
A.41-1137	AND - Verktakar almenn vinna	A000			
A.41-1138	AND - Vélfræðingar almenn vinna	A000			
A.41-1139	AND - Almenn vinna	A000			
D.26-003	Inntaksloki fyrir Pípu 2 ( Vél 3 )	A000 ST141			
A.11-025	Aðrennslispípa fyrir Vélar 1 og 2	A000 AD111			
A.11-026	Aðrennslispípa fyrir Vél 3	A000 AD121			
A.16-062	Flipalokuhús Skorradalsvatn	A000 BY000			
A.16-063	Geiralokuhús Skorradalsvatn	A000 BY000			
A.16-064	Inntaksmannvirki Inntakslón	A000 BY000			
A.17-004	Stöðvarhús Andakílsárvirkjunnar	A000 BY000			
A.26-001	Geymsluskemmi Andakílsárvirkjun	A000 BY000			
V.21-1005	Brúkrani (CB-0377) Nitchi - vélasal Andakíl	A000 BY000			
V.21-1006	Brúkrani (CB-0378) Malcus - vélasal Andakíl	A000 BY000			



V.21-1015	Iðnaðarkrani (CI-0086) Ferrari - við stíflu í Andakíl	A000 BY000			Ferrari F 560 B2
R.21-102	Aflrofi 66 kV	A000 QA121			
R.21-103	Aflrofi 66 kV	A000 QA131			
R.21-104	Aflrofi 6 kV	A000 QA141			
R.21-1060	Aflrofi 6 kV Vararofi	A000 QA151			
R.10-002	Stöðvarspennir	A000 SP121			
E.14-001	Gangráður vél 1	A001 TÆ151	100		
Y.70-1000	Lofthjakkur	A001 TÆ161			
L.23-1006	Stopp loki	A001 XM111			
L.22-1001	Loki frá vél	A001 XH111			
L.22-1000	Framhjáhlaupsloki	A001 XH121			
R.42-1178	Rafgeymir Sonnenschein	A000 RE111			
R.42-1002	Rafgeymir	A000 RE121			
R.42-1177	Rafgeymir Sonnenschein	A000 RE131			
M.21-310	Rafali vélar no 1	A001 MR111			





E.14-003	Gangráður vél 3	A003 TÆ351	200		
Y.75-1000	Vökvatjakkur nær túrbínu. 50mm	A003 TÆ351			Vökvatjakkur
Y.75-1001	Vökvatjakkur fjær túrbínu. 50mm	A003 TÆ351			Vökvatjakkur
Y.75-1002	Vökvatjakkur. 110mm	A003 TÆ351			Vökvatjakkur
Y.70-1002	Lofthjakkur	A003 TÆ361			
E.14-002	Gangráður vél 2	A002 TÆ251	100		
G.22-1002	Olíusía framrás	A002 TÆ251			
G.22-1003	Olíusía framrás	A002 TÆ251			
Y.70-1001	Lofthjakkur	A002 TÆ261			
M.43-005	Vatnshverfill Francis Vél I	A001 MH111			
M.43-006	Vatnshverfill Francis Vél II	A002 MH111			
M.21-311	Rafali vélar no 2	A002 MR111			
M.43-007	Vatnshverfill Francis Vél III	A003 MH111			
R.21-1048	Aflrofi vél 1	A000 QA211			
R.21-1049	Aflrofi vél 2	A000 QA221			
R.21-1050	Aflrofi vél 3	A000 QA231			



D.26-002	Stjórnþúnaður fyrir Geiralokur	A004 ST121	100		
M.21-312	Rafali vélar no 3	A003 MR111			
A.41-1145	Nýliða og síþjálfun AND	A000 CC010			
R.41-1001	Hleðslutæki 24 V	A000 HT111		Aiab DC Systems AB	
R.41-1002	Hleðslutæki 24 V	A000 HT121		Aiab DC Systems AB	
R.41-1000	Hleðslutæki 110V	A000 HT131		Aiab DC Systems AB	
P.11-1012	Loftþjappa	A000 LP111	2	Atlas Copco	LE5
M.11-1000	110V DC. Rafmótor	A003 TÆ351		D.C. Motor	
M.11-1003	110V DC. Rafmótor	A002 TÆ251		D.C. Motor	
S.11-1049	Þrýsti skynjari	A001 þS111		Danfoss	MBS-33-2211-1AB08
S.11-1050	Þrýsti skynjari	A001 þS121		Danfoss	MBS-33-2211-1AB08
S.11-1051	Þrýsti skynjari	A002 þS211		Danfoss	MBS-33-2211-1AB08
S.11-1053	Þrýsti skynjari	A003 þS311		Danfoss	MBS-33-2211-1AB08
S.11-1054	Þrýsti skynjari	A003 þS331		Danfoss	MBS-33-2211-1AB08
S.11-1055	Þrýsti skynjari	A004 þS111		Danfoss	MBS-33-2211-1AB08

S.11-1056	Prýsti skynjari	A004 PS121		Danfoss	MBS-33-2211-1AB08
L.24-1000	Framhjáhlaupsloki	A000 XF111		FISH	VAG Plunger Valve
P.11-1001	Loftþjappa	A000 LP121	2	Ingersoll Rand	
S.13-1064	Hitaskynjari	A001 TS111		INOR	0-100
S.13-1065	Hitaskynjari	A001 TS121		INOR	0-100
S.13-1066	Hitaskynjari	A001 TS131		INOR	0-100
S.13-1067	Hitaskynjari	A001 TS141		INOR	0-100
S.13-1068	Hitaskynjari	A001 TS151		INOR	0-100
S.13-1059	Hitaskynjari	A002 TS211		INOR	0-100
S.13-1060	Hitaskynjari	A002 TS221		INOR	0-100
S.13-1061	Hitaskynjari	A002 TS231		INOR	0-100
S.13-1062	Hitaskynjari	A002 TS241		INOR	0-100
S.13-1063	Hitaskynjari	A002 TS251		Kjærulf Petersen	Pretop 5333A
S.13-1069	Hitaskynjari	A003 TS311		Kjærulf Petersen	Pretop 5333A
S.13-1070	Hitaskynjari	A003 TS321		Kjærulf Petersen	Pretop 5333A

S.13-1071	Hitaskynjari	A003 TS331		Kjærulf Petersen	Pretop 5333A
S.13-1072	Hitaskynjari	A003 TS341		Kjærulf Petersen	Pretop 5333A
S.13-1073	Hitaskynjari	A003 TS351		Kjærulf Petersen	Pretop 5333A
S.13-1074	Hitaskynjari	A003 TS361		Kjærulf Petersen	Pretop 5333A
R.20-1000	Spennir 19kV/6kV	A000 SP111	4330	Koncar	TBN1000-24/D
X.11-1137	Glussakerfi krana við stíflu	A000 BY000	100	Landvélar	Fassi 3558
D.26-001	Stjórnþúnaður fyrir Flipaloku	A004 ST111	100	Landvélar	
L.31-1000	Öryggisloki	A001 XM121		LESER	Stuðloki
Y.52-1014	fallbelti	A		Miller by sperian	Miller 1002849
Y.52-1015	líflína	A		Miller by sperian	Miller 1005325
Y.52-1016	líflína	A		Miller by sperian	Miller 100****
Y.52-1017	fallbelti	A		Miller by sperian	Miller 100****
G.22-1000	Olúsía bakrás í tank	A002 TÆ251		mitsubishi	
G.22-1001	Olúsía bakrás í tank	A002 TÆ251		mitsubishi	
P.11-1000	Loftþjappa	A000 LP121		Ramde	

X.11-1090	Stjórnkerfi Andakílsárvirkjunar	A000		Siemens
E.21-1000	Burðalega 1 vél 1	A001 TÆ111		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
E.21-1001	Burðalega 2 vél 1	A001 TÆ121		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
E.21-1002	Burðalega 3 vél 1	A001 TÆ131		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
E.21-1003	Burðalega 4 vél 1	A001 TÆ141		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
M.23-1000	Segulmögnunarvél vél 1	A001 MR121		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
E.21-1008	Burðalega 1 vél 3	A003 TÆ311		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
E.21-1009	Burðalega 2 vél 3	A003 TÆ321		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
E.21-1010	Burðalega 3 vél 3	A003 TÆ331		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
E.21-1011	Burðalega 4 vél 3	A003 TÆ341		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
E.21-1004	Burðalega 1 vél 2	A002 TÆ211		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
E.21-1005	Burðalega 2 vél 2	A002 TÆ221		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
E.21-1006	Burðalega 3 vél 2	A002 TÆ231		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
E.21-1007	Burðalega 4 vél 2	A002 TÆ241		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh
M.23-1001	Segulmögnunarvél vél 2	A002 MR121		Spindel und lagerungstechnik fraureuth gmbh



S.74-1002	Vatnshæð	A000 HS131		TIV	Vatnshæðarmælir
S.74-1000	Vatnshæð	A004 HS111		TIV	Vatnshæðarmælir
S.74-1001	Vatnshæð	A004 HS121		TIV	Vatnshæðarmælir
S.74-1003	Vatnshæð	A000 HS141		TIV	Vatnshæðarmælir
M.23-1003	Segulmögnunarvél vél 3	A003 MR121		VOITH	
M.11-1001	Mótor 380 v AC	A003 TÆ351		Yona Uzpis	
M.11-1002	Mótor 380 v AC	A002 TÆ251		Yona Uzpis	

Fylgiskjal 2. Fyrsta vöktunaráætlun Andakílsárvirkjunar sbr. gr. 4.5.

Gæðapættir (matspættir)	Straumvötn - Andakílsá	Stöðuvötn - Skorradalsvatn
<b>Líffræðilegir gæða/matspættir</b>		
Hryggleysingar á botni	3 hvert ár	(á strandsvæði) 3 hvert ár
Þörungar (blaðgræna a)	(botnþörungar) - 3 hvert ár	(svifþörungar í vatnsbol) 3 hvert ár
Vatnablöntur (TIC)	Á ekki við	3 hvert ár
Fiskur*	3 hvert ár	3 hvert ár
<b>Eðlisefnafræðil. gæða/matspættir</b>		
Súrnunarástand (pH og basavirkni)	4 sinnum á ári	4 sinnum á ári
Rafleiðni	4 sinnum ári	4 sinnum á ári
Næringarefnaástand (PO <sub>4</sub> , NO <sub>3</sub> , NH <sub>4</sub> )	4 sinnum á ári	4 sinnum á ári
Sjónkýpi (e. secchi depth)	Á ekki við	3 hvert ár (1-2 skipti)